

Forvitni, efi, sköpun

Gunnar Hersveinn, 2016

Að byrja á sjálfum sér

Nútímaheimspeki er fræðileg grein sem nýtist fáum í daglegu lífi, ekki fremur en skammtafræði og stærðfræði. Nútímaheimspekingar angra ekki aðra eða ávíta fyrir heimskulega hegðun, hégóma eða féginni. Þeir stoppa ekki fólk á torgum og taka að ræða við það af fullum þunga um rétta og ranga hegðun og skoðanir.

Nútímaheimspekingar eru ekki beinlínis pirrandi broddflugur á samfélagi sínu, eins og Sókrates talaði um sjálfan sig forðum daga í Apenu. Nútímaheimspekingar og hug- og félagsvísindamenn hafa þó lifandi áhuga á því að færa fræði sín til fólksins og gefa því færi á að prófa þau á sjálfum sér.

Fornaldarheimspekingar gerðu ekki skýran greinarmun á líferni og fræðum.

Heimspeki þeirra var meira en fræðileg grein því hún skyldi hafa mótandi áhrif á hegðun. Segja má að nú á dögum séu nokkrar aðferðir notaðar til að miðla heimspeki og gefa fólki tækifæri til að ræða málin á jafnréttisgrundvelli án mælskulistar eða sannfæringartækni, án þess að beita þrjósku og frekjuköstum, til að komast hjá fordómum og mismunun.

Þessar aðferðir má kalla hversdagsheimspeki. Allt eru þetta tilraunir til að gera yfirvegun og rökræðu heimspekinnar að aðferð sem hentar fólki að takast á við hversdagsvanda. Heimspekikaffihús þjóna þessum tilgangi, heimspekiráðgjöf er einnig þekkt, sókratísk samræða, heimspeki með börnum og heimspekileg lífslist.

Segja má að munurinn á hversdagsheimspeki og sjálfshjálparfræðum sé sá að heimspekin getur verið ráðgjöf í nafni einstakra greina eins og dyggðasiðfræði og niðurstaða eftir opnar rökræður. Heimspekin gefur fólki færi á að velja dyggðirnar og iðka þær að eigin hyggjuviti. Sjálfshjálparfræðin velur á hinn bóginn oftast úr þeim, teflir þeim markvisst fram og gerir kennsluáætlun fyrir fólk.

Hugtakið dygd er þýðing á latneska orðinu *virtus* og samsvarar gríska orðinu *areté*. Upprunaleg merking orðsins er kraftur. Yfirleitt er dygd notað yfir siðferðilega kosti fólks, þá eiginleika þess sem teljast siðferðilega lofsverðir. Í fornöld voru höfuðdyggðirnar oftast taldar fjórar: hugrekki, hófsemi, viska og heiðarleiki. Andstæðan við dygd er ódygd eða löstur. (Siðfræði, bls. 208)

Lífsreglur verða oft til eftir að menn hafa uppgötvað ákveðna galla í fari sínu sem þeir vilja losna við og verða betri og sáttari manneskjur. Reglur krefjast vilja og sjálfsaga og af þeim sökum eru þær oft brotnar. Þórbergur Þórðarson setti sér lífsreglur eftir að það rann upp fyrir honum að hann skorti sjálfsaga. Þórbergi tókst að halda lífsreglurnar æ lengur og sagði að sinn lægri maður hopaði fyrir kröfum hins æðra manns. „Þetta var hægfara þróun. En það gekk í áttina,“ skrifaði hann í bókinni Ofvitinn. Hann vildi efla mannkosti sína og draga úr ókostunum.

Oftlega heyrum við sagt: Maður þarf að byrja á sjálfum sér. Sá sem ætlar að breyta heiminum þarf fyrst að breyta sjálfum sér; sá sem ætlar að kenna öðrum eitthvað þarf fyrst að læra það sjálfur. Sá sem vill sjá eitthvað breytast verður sjálfur að leggja sitt

lóð á vogarskálina. Sá sem vill sjá eitthvað upprætt getur ekki lagt stund á það sjálfur; sá sem vill ekki að aðrir drekki sig blindfulla er ekki sjálfur á eyrunum um helgar, nema kennsluaðferðin felist í því að vera öðrum víti til varnaðar.

Sókrates fæddist í Apenu árið 469 f.Kr. og stundaði heimspeki sína fyrst og fremst í samræðum við aðra menn. Góður vinur Sókratesar spurði véfréttina í Delfi hver væri vitrasti maður Grikklands. Véfréttin sagði það vera Sókrates. Þetta fannst Sókratesi ótækt og ólíklegt svar og fór að leita skýringa. Þetta gat ekki verið satt. Véfréttin gaf sig út fyrir að veita ráðgjöf eða svör goðanna við fyrirspurnum manna.

Hann spurði alla sem honum þótti eitthvað til um, lagði fyrir þá spurningar og kannaði viðhorf þeirra til eigin vitneskju. Loks rann upp fyrir honum hvers vegna véfréttin hafði svarað að því er honum fannst út í hött. Hann var sá eini sem vissi að hann vissi ekki neitt. Hann þekkti takmörk sín betur en aðrir en einkunnarorð véfréttarinnar til annarra eru rituð á hof hennar: „Þekktu sjálfan þig.“

Sókrates tók eftir því að hinir vitru þóttust vera vitrir. „Vitrari er ég þó en þessi maður. Reyndar virðist hvorugur okkar vita neitt fagurt né gott, en hann þykist vita eitthvað, þótt hann viti ekkert, en það er hvortveggja um mig, að ég veit ekkert, enda þykist ég ekki vita neitt. Þess vegna virðist ég vera ofurlitla ögn vitrari en hann að þessu einu leyti, að það sem ég veit ekki, þykist ég ekki heldur vita.“ Niðurstaðan var: „Mannleg vizka er mjög lítils eða öllu heldur einskis virði.“ (Málsvörn, 39)

Að byrja á sjálfum sér er að læra auðmýkt, hætta að þykjast og sættast við smæð sína. En engin persóna verður fullgerð fyrr en hún finnur hjá sér knýjandi þörf til að gera eitthvað fyrir aðra. Sú persóna sem finnur samhljóm með öðrum getur liðið með öðrum og numið samhengið í tilverunni og fyllst löngun til að láta gott af sér leiða. Hún gæti anað út í verkefnið en ef hún er skynsöm staldrar hún við og ákveður að búa sig vel undir það með því að byrja á sjálfri sér.

Það er ekki heiglum hent að byrja á sjálfum sér, það er mun auðveldara að byrja á öðrum og segja samfélaginu til. Að byrja á sjálfum sér er viðamikil rannsókn. Hverju vil ég berjast fyrir og hverju berst ég gegn? Hver eru mörk mín, hvenær segi ég hingað og ekki lengra? Hvaða gæði vil ég vernda, hvað get ég lagt af mörkum? Hvernig get ég skapað frið og forðast illsku og ofbeldi? Hverjar eru mínar eigin skoðanir og hugsjónir?

Markmiðið með þessari rannsókn felst í lönguninni til að verða betri sjálfs sín vegna og annarra. Þessi löngun virðist hafa fylgt mannkyninu frá upphafi og hún birtist oft í þeirri viðleitni að setja sér lífsreglur til að temja sig og til að kalla fram eftirsóknarverða mynd af sjálfum sér.

Grískir fornaldarheimspekingar glímdu við þessa aðferð og hver sá sem les Málsvörn Sókratesar hlýtur að hugsa um orð hans „... að þetta sé manni best að öllu, að iðka daglega samræður um dyggðina og reyna bæði sjálfan sig og aðra, og órannsakað líf sé einskis virði.“ (Málsvörn, 38)

ii Efasemdamaður

Sá sem byrjar á sjálfum sér verður óhjákvæmilega efasemdamaður, hann efast um það sem aðrir hafa sagt, það sem oftast er sagt, það sem á að vera satt. Hann tekur engu sem fyrirfram gefnu.

Hann er því ekki vinsæll þegar þannig stendur á, hann verður eins og pirrandi broddfluga, því hann efast um það sem aðrir gera. Ekki aðeins um aðra heldur einnig um sjálfan sig, hann brýtur hlutina til mergjar, skoðanir, þekkingu, hegðun og hátterni. Ekki til að breyta öllu í auðn og tóm, ekki til að eyðileggja góða stemningu, heldur til að finna eitthvað sem stenst rannsókn. Efasemdin er glíma við lífið og leit að gildum þess og siðfræðisurningin sem vaknar er: Hvers konar lífernir er ómaksins vert?

Þetta er heimspekilegt hugarvél sem vekur menn upp af værum blundi í hringrás hins daglega lífs.

Slíkt hugarvél er verðugt verkefni og það þarf hugrekki til að leyfa efanum að greina hismið frá kjarnanum. Að efast er liður í því að verða maður sjálfur, upphaf sjálfsskilningsins, og eftir að hafa efast rækilega er von til þess að vakandi hugur standi á varðbergi gagnvart fordómum, kreddutrú, lygi og heimsku, staðráðinn í að láta ekki glepjast á ný af innantómum orðum.

Þetta kostar hugrekki. Það er miklu auðveldara að draga sig í hlé heldur en að standa með sjálfum sér. Sá sem byrjar á sjálfum sér verður um sinn eirðarlaus sannleiksleitandi sem þjáist af vitsmunalegri angist. Það verkefni getur ært óstöðugan.

Efinn er grimmur til að byrja með en enginn má festast í linnulausum efasemdum, eitthvað þarf að finnast, einhver sýn eða aðferð svo hægt sé að byggja upp nýja og betri veröld. Því sá sem byrjar á sjálfum sér, gerir það ekki aðeins fyrir sjálfan sig, heldur aðra. Það er betra fyrir alla að hver leggi sig fram um að verða sjálfur sem bestur.

Það þarf sterk bein til að byrja á sjálfum sér, aga, vilja og þrautseigju.

Þetta er rannsóknarvinna sem er ómaksins verð. Sókrates sagði: „Ég leitaðist við að telja hvern mann á það, að bera ekki umhyggju fyrir neinum högum sínum, fyrr en hann hefði hugsað um að verða sjálfur sem bestur og vitrastur og ekki fyrir neinum högum borgarinnar fremur en borginni sjálfri – og svo framvegis um alla aðra hluti.“ (Málsvörn, 36)

Sókrates tók þá afstöðu eftir efasemdir sínar að sækjast fyrst og fremst eftir dyggðinni, ekki aðeins til að hafa eitthvað til að hugsa um heldur til að breyta hegðun sinni til betri vegar. Hann taldi það líka skyldu sína að ávíta þá sem sækjast eftir hégóma og fjármunum fremur en dyggðum.

Sá sem iðkar dyggðirnar getur mögulega verið öðrum fyrirmynd. Sókrates bað samtíðarmenn sína að angra syni sína eftir hans dag, ef þeir sæktu eftir öðru en dyggðinni. „Ef þeir þættust miklir menn eða þættust vitrir bað hann um að fólk myndi atyrða þá.“ (Málsvörn, 41).

Sókrates gat suðað í samborgurum sínum, hann gat jafnvel verið frekur og leiðinlegur, gagnrýninn og tilætlunarsamur en hann beitti aldrei ofbeldi eða kúgun heldur virti frelsi annarra.

Efasemdamaður getur tekið afstöðu með því sem hann telur vera til heilla fyrir lífið og jörðina, en hann verður aldrei öfgamaður. Hann segist ekki vita svarið, heldur telur það líklegt um stund. Hann er allur í bráðabirgðaniðurstöðum. Hann er í raun að beita aðferð vísindanna, gera tilraunir og feta sig áfram til að öðlast þekkingu á veröldinni, öðrum og sjálfum sér.

Það er ekki nóg að hlusta á fyrirlestur og menntast, heldur er einnig nauðsynlegt að tileinka sér hluti, temja, aga og æfa sig. „Hvenær ætlar þú nú að hefja hið dyggðuga líf?“ spurði Platón mann nokkurn sem hlustaði á fyrirlestra um dyggðina. Maðurinn taldi eflaust nægjanlegt að hlusta á aðra en það er aðeins byrjunin.

iii Forvitnin

Forvitni hugans er áberandi einkenni mannverunnar. Hún er námfús, forvitin um hvaðeina. Barnið grípur allt sem augað sér og hönd á festir, stingur því upp í sig, smakkar, sýgur og svalar óseðjandi forvitni sinni um stund.

Forvitni krefst áræðni til að spyrja enn frekar, rannsaka, leggja í leiðangra, yfir höf og inn í ókönnuð lönd eða eigið hugskot. Hlutir, hugtök, tilgátur og kenningar eru brotnar til mergjar, skoðaðar í smáatriðum og kannað hvort undrið stenst eða ekki. Hvað, hvernig, hver, hvar, hvenær og loks hvers vegna? Sá eða sú forvitna hættir aldrei að spyrja, ný spurning vaknar alltaf.

Líf án forvitni er dauflegt og endar í stöðnun. Það skortir viðleitni til að gera eitthvað nýtt og óvænt. Sá sem glatar forvitni sinni hættir að nenna út úr húsi. „Sá sem leitar aldrei fréttu verður aldrei margs vitandi,“ segir málshátturinn.

Forvitni er eiginleiki sem hægt er að rækta og efla, forvitni er undanfari visku, óseðjandi þrá til að vita meira, sjá, heyra, finna og forvitnast um. Sá eða sú forvitna leitar að svari þegar aðrir sætta sig við þau svör sem einhver annar hefur gefið þeim. Hann býst við meiru, öðru, dýpt og vídd.

Forvitni er forsenda gleði í lífinu. Forvitni er eins og fálmoni þeirra sem vilja skilja eitthvað í tilverunni. Forvitni einkennir margar lífverur en sköpunargáfan er eitt af sérkennum mannverunnar. Forvitni er forsenda sköpunar, því hún dafnar og vex í huga hins forvitna. Sköpunin er leit að skilningi.

Sköpun tekur við af forvitni, hún er þrep, stig eða áfangi þótt forvitnin sé ævinlega áfram með í för. Hún þarfnast einnig áræðni til að móta eitthvað annað en það sem blasir við og til að túlka á annan hátt en oftast er gert eða finna nýjar lausnir og opna dyr sem hafa verið lokaðar. Gildi sköpunar opinberast ef hún hefur haft áhrif á veruleikann.

Það er þráður á milli forvitni og sköpunargáfu og hvoru tveggja fylgir gleði og þakklæti. Sá sem ræktar með sér forvitni barnsins og eflir með sér skapandi hugsun gleðst yfir verkum sínum. Verkin geta verið listaverk, nýjar lausnir, vísindaafrek, ný túlkun eða nýjar leiðir.

Sagt er að allir leiti leynt eða ljóst að hamingju. Hún felst ekki aðeins í því að vera sátt og sáttur við lífið og aðrar manneskjur, heldur einnig að hætta aldrei að leita að svari við því sem ósvarað er. Minni forvitni hefur takmarkaða hamingju í för með sér.

Sköpunargáfan kemur við sögu í leitinni að hamingju, hún knýr fólk til að gera tilraunir, undrast, efast og endurraða í lífinu. Sú endursköpun er henni að þakka.

iv Sköpunargáfan og sköpunarkrafturinn

Í hverju felst gagnrýnin hugsun? Að efast, að skilgreina, að spyrja um margar hliðar. Að trúá engu. Markmiðið er ekki að sannfæra. Gagnrýnin hugsun er aðferð hugans til að leita visku. Að spyrja hvers vegna.

Hver maður þarf að þjálfra með sér gagnrýna hugsun: Hún felst í því að mynda sér ekki skoðun nema eftir rannsókn á gögnum, efasemdir og prófanir. Reglurnar mótast af viðfangsefnunum. Spurningin hvers vegna knýr svara.

Andstæða gagnrýnnar hugsunar er þrjóska, fordómar, trúgirni, hleypidómar og jafnvel leti. Gagnrýnin hugsun felur í sér að hlusta, skilgreina, vega og meta; að efast og rífa niður en byggja upp á nýjan leik. Að hugsa málið.

En hvað fleira býr í skapandi hugsun? Að leita visku, undrast og leita fyrir sér á öðrum slóðum en algengt er; hún tengir saman það sem virðist ekki eiga saman. Hún felur í sér að gera tilraunir en endurtaka þær aldrei og niðurstaðan verður því sjaldnast sú sama. Með skapandi hugsun má gera það sem ekki má, endurskapa veruleikann í leit að hamingju.

Með skapandi hugsun eru hlutirnir settir í nýtt samhengi, teknir úr samhengi, þeim endurraðað. Eða beitt ljóðrænu til að varpa ljósi á rótgróin hugtök. Markmiðið er því ekki að ögra heldur að nota önnur orð en venjulega í leitinni að visku.

Gagnrýnin hugsun og skapandi haldast því í hendur. Sá sem stundar gagnrýna hugsun efast, rífur niður, þurrkar út, greinir, mátar, telur, flokkar það sem fyrir er. Með skapandi hugsun er unnt að bæta við, byggja upp, endurraða. Sá sem tileinkar sér báðar aðferðirnar býr yfir gagnrýnni skapandi hugsun.

Skapandi hugsun, skapandi aðferð og skapandi kennsla nálgast hugtök heimspekinnar líkt og þau séu lifandi, fljótandi, breytileg. Nálgunin er frjó.

Tilgátan er að það sé sterkt samband milli hamingju og sköpunargáfu/krafts í víðri merkingu. Hamingjan safnist upp þegar þú finnur lausnir, leiðir, þegar þú skapar, býrð eitthvað til.

Andstæðan við sköpun er stöðnun, að fá ekki fleiri hugmyndir, að sjá aldrei lausn, að komast ekki yfir hindrun, að festast í hjólfarinu.

Forngríkkir töldu til að byrja með að hamingjan væri ekki undir mönnunum komin heldur guðunum, hver og einn væri ekki sinnar gæfu smiður. Þessi kenning lifir með ýmsu móti hjá þeim sem telja að hamingja sé undir öllum öðrum komin en ekki þeim sjálfum, guði, örlögum eða samfélaginu.

Forngrískir siðfræðingar sneru þessu við og sögðu að hægt væri að nálgast hamingjuna með því að rækta eigið ágæti, skapgerð, tilfinningar og skynsemi, hver

og einn væri sinnar gæfu smiður. Hamingjan væri lógos, vit og hugur, eitthvað sem manneskjan gæti nálgast og orðið gæfusöm. Verkefnið væri að hreinsa sálina, gera hana ágæta og dyggðuga, og farsæld fælist í því að líkjast guði, vera sem mest hugur en minnst hold. Það mætti stíga skref í átt til hamingju þótt hún yrði ekki endanleg fyrr en í framhaldslífinu. Það mætti þiggja gjafir guðanna, viskuna.

Þetta minnir okkur einnig á að fjöldi nútímafólks telur að hamingjuna sé ekki að finna fyrr en í paradís, fyrr en eftir hérvistina. Það er þekkt viðhorf í trúarbrögðum. Endanleg hamingja fæst ekki núna heldur síðar. Þetta viðhorf er líklega rangt því það eina sem við vitum fyrir víst er lífið hér og nú.

Sköpunin þarf að vera í samræmi við lífið, styðja það en ekki dauðann, styðja uppbyggingu en ekki eyðileggingu. Sköpun er að búa til, ekki að eyða. Hamingjan felst í sköpun en líf án forvitni og sköpunar er heldur dauflegt og endar í stöðnun.

Tilgátan er að það sé sköpunargáfan sem stendur næst kjarna alheimsins, linnulaus sköpun og endursköpun. Alheimurinn hrynur á því andartaki sem sköpun hans hættir.

Í sköpunargáfunni felst að búa til, finna lausnir, undrast og endurskapa, og það er það sem við erum ánægð með og breytist í hamingju.

Eflið og ræktið sköpunargáfuna, verið forvitin, skapið og þokist nær hamingjunni.

Brot úr bókinni Hugskot, skamm-, fram- og víðsýni. IÐNÚ útgáfa, 2016.